



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 21. nóvember 2023, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt til að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að leiða þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða. Til verkefnisins verði skipaður starfshópur með aðkomu annarra sviða Reykjavíkurborgar. Jafnframt er lagt til að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eignaskrifstofu verði falið að semja við Borgarhöfða Fasteignapróun II ehf. um að Reykjavíkurborg eignist þann byggingarrétt lóðarinnar sem ætlað er fyrir menningarhús við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Fyrir byggingarrétt menningarhúss verður greitt með byggingarrétti á nálægum lóðum á Ártúnshöfða og verður samningur lagður fyrir borgarráð þegar niðurstaða þarfagreiningar liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að leiða þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða. Fulltrúi Sósíalista styður heilshugar að menningar- og samfélagshús rísi á Ártúnshöfða. Hér er verið að fara í þarfagreiningu á stöðunni og samningur verður svo lagður fyrir borgarráð. Hér er skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eignaskrifstofu falið að semja við Borgarhöfða Fasteignapróun II ehf. um að Reykjavíkurborg eignist þann byggingarrétt lóðarinnar sem ætlað er fyrir menningarhús við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Fyrir byggingarrétt menningarhúss verði greitt fyrir með byggingarrétti á nálægum lóðum á Ártúnshöfða og verður samningur lagður fyrir borgarráð þegar niðurstaða þarfagreiningar liggur fyrir. Fulltrúi Sósíalista veltir því fyrir sér hvort það sé besta leiðin fyrir greiðslu.

Helga Björk Laxdal

e.u.



Reykjavíkurborg

Afrit:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Menningar- og íþróttasvið